

Stöðumat á stefnu  
Reykjavíkurborgar í málefnum  
utangarðsfólks 2008-2012

Erla Björg Sigurðardóttir

Október  
2012

## 1. EFNISYFIRLIT

1.	Efnisyfirlit .....	2
2.	Helstu niðurstöður .....	3
A.	Samstarf og forvarnir .....	3
B.	Reglubundin fagþjónusta .....	3
C.	Tímabundin úrræði .....	4
D.	Langtíma úrræði .....	4
3.	Um stöðumatið .....	4
A.	Markmið stöðumatsins .....	5
B.	Aðferðarfræði og framkvæmd .....	5
4.	Niðurstöður stöðumatsins .....	5
A.	Samstarf og forvarnir .....	5
	Undir liðnum æskileg niðurstaða í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	5
	Undir liðnum nauðsynlegar aðgerðir í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	7
	Það sem er ábótavant í framkvæmd stefnunnar undir liðnum samstarfs og forvarnir: .....	8
B.	Reglubundin fagþjónusta .....	8
	Undir liðnum æskileg niðurstaða í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	8
	Undir liðnum nauðsynlegar aðgerðir í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	9
	Það sem er ábótavant í framkvæmd stefnunnar undir liðnum reglubundin fagþjónusta: .....	9
C.	Tímabundin úrræði .....	10
	Undir liðnum æskileg niðurstaða í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	10
	Undir liðnum nauðsynlegar aðgerðir í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	10
	Það sem er ábótavant í framkvæmd stefnunnar undir liðnum tímabundin úrræði: .....	11
D.	Langtímaúrræði .....	11
	Undir liðnum æskileg niðurstaða í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	11
	Undir liðnum nauðsynlegar aðgerðir í stefnunni hefur eftirfarandi verið gert: .....	12
	Það sem er ábótavant í framkvæmd stefnunnar undir liðnum langtímaúrræði: .....	12
5.	Samantekt .....	12
6.	Viðauki .....	13
	Viðauki: Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012 .....	13

## 2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í kaflanum er fjallað um helstu niðurstöður varðandi hvaða þættir stefnunnar hafa komið til framkvæmdar þ.e. samstarf og forvarnir, reglubundin fagþjónusta, tímabundin úrræði og langtíma úrræði.

### A. SAMSTARF OG FORVARNIR

- Samráðshópur hefur verið stofnaður meðal stofnana og félagasamtaka sem koma að málefnum utangarðsfólks til að auka markvissa þverfaglega og þverstofnanalega þjónustu við áhættuhópa og utangarðsfólk.
- Árið 2009 var gerð eigindleg rannsókn á heilsufari og félagslegum aðstæðum utangarðsfólks í Reykjavík, en það hefur ekki verið gert á landsvísu.
- Komið hefur verið á samráði á milli þjónustumiðstöðva og heilsugæslu, en ekki er í öllum tilfellum markmið að fjalla um málefni utangarðsfólks.
- Samvinna við stofnanir og félagasamtök sem veita vímuefnaeðferð og geðmeðferð hefur verið góð um langt skeið sérstaklega hvað varðar aðgengi að slíkri þjónustu. Ábótavant er í framkvæmd samstarfs hvað varðar þjónustukeðju í húsnæðismálum þeirra sem ljúka stofnavist, sérstaklega þeirra sem ljúka vímuefnaeðferð til að draga úr líkum á heimilisleysi.
- Velferðarsvið hefur haldið fjölmörg námskeið af ýmsum toga fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn í úrræðum fyrir einstaklinga með vímuefnavanda og annan geðrænan vanda (meiri hluti þeirra sem teljast utangarðs eiga við áfengis og annan vímuefnavanda að stríða). Eitt sérhæft námskeið hefur verið haldið fyrir starfsfólk sem vinnur með utangarðsfólk.
- Megindlegar rannsóknir á fjölda og högum utangarðsfólks voru gerðar árin 2009 og 2012. Í niðurstöðum rannsóknanna er yfirsýn yfir fjölda og aðstæður utangarðsfólks. Tölulegar upplýsingar um fjölda, utangarðsfólks, aldurssamsetningu og hagi þess hafa þannig verið uppfærðar á tímabilinu.
- Árið 2012 fékk Velferðarsvið utanaðkomandi aðila til að gera eigindlega könnun á viðhorfum utangarðsfólks sem sótti þjónustu fyrir utangarðsfólk.

### B. REGLUBUNDIN FAGÞJÓNUSTA

- Viðtalstímum við félagsráðgjafa hefur verið fjölgað á stöðum sem utangarðsfólk sækir. Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða hefur unnið markvisst að aukinni reglubundinni fagþjónustu frá árinu 2009. Félagsráðgjafar frá þjónustumiðstöðinni eru með viðveru á Kaffistofu Samhjálp, í Gistiskýlinu og í Konukoti einu sinni í viku. Teymi með færanlegri félagslegri ráðgjöf sinnir vettvangs og leitarstarfi reglulega. Félagsráðgjafi í heilu stöðugildi er með aðsetur í Dagsetri.
- Ekki er hægt að fullyrða um að fólk sem telst vera utangarðs hafi gott aðgengi að heimilislæknum. Á fundi með deildarstjórum þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs kom fram að í nokkrum tilfellum hefur einstaklingum sem falla undir þennan hóp verið meinaður aðganur að heilsugæslustöðvum.
- Aðgengi að hjúkrunarfræðingi er í heilsubílnum Frú Ragnheiður sem veitir hjúkrunarþjónustu og er á vegum Rauða Krossins í Reykjavík.

**C. TÍMABUNDIN ÚRRÆÐI**

- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið í samvinnu við Hjálpræðisherinn með skriflegum samningi síðan árið 2009 um Dagsetur fyrir utangarðsfólk. Í Dagsetri er aðgangur fyrir utangarðsfólk að grunn hreinlætisaðstöðu s.s. aðgengi að sturtu og þvottavél ásamt hvílaraðstöðu.
- Í Dagsetrinu er iðja undir stjórn félagsráðgjafa í 100% stöðu sem er starfsmaður Velferðarsviðs.
- Enginn gisti í fangaklefa lögreglu á árinu 2009 sökum húsnæðisleysis.
- Nægt framboð hefur verið af úrræðum í gistiskýlum.

**D. LANGTÍMA ÚRRÆÐI**

- Opnað var langtíma búsetuúrræði fyrir utangarðskonur 1. Nóvember 2010.
- Opnuð voru langtíma búsetuúrræði fyrir hjón/sambúðarfólk og einstaklinga sem eru utangarðs í fjórum smáhýsum í október 2008.
- Aðgengi utangarðsfólks að félagslegri ráðgjöf og heilbrigðisþjónustu hefur verið bætt og þá sérstaklega að félagslegri ráðgjöf.
- Ekki hefur verið aukið upplýsingaflæði til utangarðsfólks og aðstandenda þeirra t.d. með opnun vefsíðu og útgáfu fjölbreytts upplýsingaefnis.
- Árið 2007 var opnað heimili fyrir karla, en ekki hefur verið fundið eða keypt annað hentugt húsnæði fyrir úrræði fyrir karla sem eru utangarðs.

**3. UM STÖÐUMATIÐ**

Markmið með stefnumótun í málefnum utangarðsfólks er að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum viðunandi húsaskjól. Leitast er við að koma í veg fyrir að fólk verði utangarðs til lengri tíma, tryggja viðeigandi stuðning við áhættuhópa, tryggja framboð á viðeigandi úrræðum fyrir þá sem eiga á hættu að verða utangarðs og auka lífsgæði utangarðsfólks. Stefnunni er ætlað að stýra hvernig Reykjavíkurborg ætlar að vinna að málefnum utangarðsfólks í Reykjavík 2008-2012.

**Stefnan nær til eftirtaldrá hópa fólks:**

- Þeirra sem eru að koma úr tímabundnu úrræði s.s. fangelsi, sjúkrahúsi eða vímuefnaeðferð og eiga ekki öruggt húsaskjól.
- Þeirra sem teljast utangarðsfólk skv. skilgreiningu samráðshóps um heimilislausu frá 2005.

**Stefnan felur í sér fjögur grunnatriði:**

- Samstarf og forvarnir
- Reglubundin fagþjónusta
- Tímabundin úrræði
- Langtíma úrræði

## A. MARKMIÐ STÖÐUMATSINS

Árið 2009 var gert stöðumat á framkvæmd stefnu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008-2012 og því fylgt eftir nú og var á úttektaráætlun Velferðarsviðs árið 2012. Stöðumatið mun verða notað til hliðsjónar við gerð nýrrar stefnu fyrir næstu fjögur árin. Markmið með stöðumatinu var að meta hvort þættir stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks hafi komist til framkvæmdar. Stöðumatið lítur að því hver er staða hvers þáttar fyrir sig í stefnunni varðandi framkvæmdir þ.e. samstarf og forvarnir, reglubundna fagþjónustu, tímabundin úrræði og langtíma úrræði.

## B. AÐFERÐARFRÆÐI OG FRAMKVÆMD

Verkefnisstjóri í samvinnu við skrifstofustjóra skrifstofu velferðarmála gerði áætlun um stöðumatið. Auk skoðunar á fyrirliggjandi skráðum gögnum var upplýsinga aflað með fundi með deildarstjórum þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Verkefnisstjóri safnaði gögnum og undirbjó fund með deildarstjórum í september 2012. Fundur með deildarstjórum og öflun upplýsinga frá hópstjóra í samráðshópi stofnana og félagasamtaka sem koma að málefnum utangarðsfólks fór fram í fyrri hluta október 2012. Úrvinnsla gagna fór fram í september og október 2012.

Framkvæmdarstjórar Þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs voru upplýstir um stöðumatið. Haft var samband við áður nefnda viðmælendur varðandi fund og öflun gagna með fundarboði og tölvusamskiptum.

## 4. NIÐURSTÖÐUR STÖÐUMATSINS

Niðurstöðurnar eru varðandi fjóra þætti stefnunnar þ.e. samstarf og forvarnir, reglubundin fagþjónusta, tímabundin úrræði og langtíma úrræði.

### A. SAMSTARF OG FORVARNIR

Í kaflanum um samstarf og forvarnir er niðurstöðum skipt í þrjá undirkafla sem er æskileg niðurstaða, nauðsynlegar aðgerðir og það sem er ábótavant varðandi framkvæmd stefnunnar.

#### UNDIR LIÐNUM ÆSKILEG NIÐURSTAÐA Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:

##### a) YFIRSÝN YFIR FJÖLDA OG AÐSTÆÐUR UTANGARÐSFÓLKS Í REYKJAVÍK:

Samráðshópur var stofnaður meðal stofnana og félagasamtaka til að efla tengslanet og upplýsingamiðlun. Samráðshópurinn er skipaður af fulltrúum frá Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða, skrifstofu Velferðarsviðs, Landspítala Háskólasjúkrahús við Hringbraut, Rauða Krossinum í Reykjavík, Hjálparstarfi Kirkjunnar, Lögreglunni og Samhjálp. Samráðshópurinn hefur lagt m.a. áherslu á að halda til haga fjölda utangarðsfólks sem leita til þeirra. Velferðarsvið hefur látið gera tvær rannsóknir varðandi tölulegar upplýsingar um fjölda,

utangarðsfólks, aldurssamsetningu og hagi þess samkvæmt skilgreiningu Félagsmálaráðuneytisins 2005 árið 2009 og 2012. Rannsóknin árið 2009 var gerð að frumkvæði Velferðarsviðs með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

b) FYRIR LIGGI RANNSÓKNARNIÐURSTÖÐUR UM HEILSUFAR OG FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR UTANGARÐSFÓLKS Á ÍSLANDI:

Velferðarsvið lét gera eigindlega rannsókn á heilsufari og félagslegum aðstæðum utangarðsfólks í Reykjavík árið 2009, ekki var gerð slík rannsókn á landsvísi (þekkt að er að flestir sem eru utangarðs búa á höfuðborgarsvæðinu).

c) DRAGA ÚR LÍKUM Á HEIMILISLEYSI MEÐ MARKVISSRI ÞVERFAGLEGRI ÞJÓNUSTU VIÐ ÁHÆTTUHÓPA:

Samvinna hefur verið góð á milli þjónustumiðstöðva og annarra úrræða Velferðarsviðs við stofnanir og félagasamtök sem reka vímuefnaeðferð og geðmeðferð hvað varðar aðgengi. En það er meiri samfella í samstarfinu á milli geðdeilda og þjónustumiðstöðva heldur en á milli þjónustumiðstöðva og vímuefnaeðferða. Sérstaklega á það við varðandi húsnæðismál þar sem ekki er nægilega markviss þverfagleg samvinna varðandi einstaklinga sem ljúka vímuefnaeðferð. Þjónustumiðstöðvarnar hafa undanfarið unnið að því að kortleggja alla umsækjendur á bið eftir félagslegu húsnæði og er sérstaklega verið að horfa til þess hóps sem er „á götunni“ og fjölda barna sem hafa búið við óstöðuga búsetu um langt skeið.

Þjónustumiðstöðvarnar eru í samvinnu við heilsugæslustöðvar, en misjafnt hversu mikil áhersla er lögð á samvinnu vegna þeirra sem eru í áhættu með að verða utangarðs eða eru í þeim hópi.

d) AUKIN ÞEKING Á MÁLEFNUM UTANGARÐSFÓLKS:

Eins og kemur fram í lið a) hafa verið gerðar tvær rannsóknir varðandi tölulegar upplýsingar um fjölda utangarðsfólks, aldurssamsetningu og hagi þess samkvæmt skilgreiningu Félagsmálaráðuneytisins 2005 árið 2009 og 2012.

Ofangreindur samráðshópur hefur hist reglulega og borið saman bækur sínar varðandi vanda þeirra einstaklinga sem teljast utangarðs ásamt því að greina áhættu þætti þess að verða utangarðs. Fjallað hefur verið um hvað einkennir þennan hóp notenda þjónustunnar hjá hverjum og einum og hvernig sé best að nálgast einstaklinga sem teljast utangarðs og bæta verklag varðandi þjónustu við hópinn. Samráðshópurinn hefur haldið nokkur málþing um málefni utangarðs fólks.

Árið 2012 fékk Velferðarsvið utanaðkomandi aðila til að gera eigindlega könnun á viðhorfum utangarðsfólks sem sótti þjónustu fyrir utangarðsfólk.

e) TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM FJÖLDA, UTANGARÐSFÓLKS, ALDURSSAMSETNINGU O.FL. SÉU UPPFÆRÐAR REGLULEGA:

Tölulegar upplýsingar um fjölda, utangarðsfólks, aldurssamsetningu og hagi þess hafa samkvæmt skilgreiningu Félagsmálaráðuneytisins 2005 verið uppfærðar á tímabilinu 2009-2012.

**UNDIR LIÐNUM NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:**

## f) SKAPA SAMSTARFSVETTIVANG VIÐEIGANDI STOFNANA:

Áður nefndur samráðshópur hefur hist reglulega og fjallað um málefni utangarðsfólks til að auka markvissa þverfaglega og þverstofnanalega þjónustu við áhættuhópa og utangarðsfólk. Samráðshópurinn hefur litið til hugmyndafræði um skaðaminnkandi nálgun í samstarfi sínu.

## g) GERÐ VERÐI RANNSÓKN Á HEILSUFARI OG FÉLAGSLEGUM AÐSTÆÐUM UTANGARÐSFÓLKS Á ÍSLANDI:

Sjá lið b).

## h) EFLA SAMVINNU MILLI HEILBRIGÐIS- OG VELFERÐARKERFA Í MÁLEFNUM ÁHÆTTUHÓPA:

Sjá lið a) og c).

## i) NÁMSKEIÐ FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN FYRIR STARFSMENN SEM VINNA MEÐ UTANGARÐSFÓLKI:

Samkvæmt fræðsluáætlunum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar árin 2009-2012 hafa verið haldin fjölmörg námskeið af ýmsum toga fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn í úrræðum fyrir einstaklinga með vímuefnavanda og annan geðrænan vanda. Þess má geta að rannsóknir á fjölda og högum utangarðsfólks 2009 og 2012 sýna að meiri hluti þeirra sem teljast utangarðs eiga við áfengis og annan vímuefnavanda að stríða. Eitt sérhæft námskeið hefur verið haldið fyrir starfsfólk sem vinnur með utangarðsfólk.

**Vor 2009**

Algengar geðraskanir: Þunglyndi, kvíðaraskanir og persónuleikaraskanir  
Sálfélagsleg áhrif langvarandi áfengis- og vímuefnanotkunar

**Vor 2010**

Skyndihjálparnámskeið  
Algengar geðraskanir og þjónusta við fólk með geðraskanir

**Vor 2011**

Fíkn og fíkniefni: Forvarnir og viðbrögð  
Viðbrögð við ofbeldi -Hvernig róum við fólk í miklu uppnámi og bregðumst við ofbeldi

**Haust 2011**

Þjónusta við fólk með geðraskanir  
Hvernig vinnum við með tvígreiningar, geðraskanir/fíkn  
Skyndihjálparnámskeið

**Vor 2012**

Skyndihjálp  
Námskeið um fíkniefni  
Grunnnámskeið í varnarviðbrögðum  
Fíkn og fíkniefni

Áhugahvetjandi samtöl  
 Áherslur í starfi með utangarðsfólki  
 Gerð og framfylgd einstaklingsáætlana

### **Haust 2012**

Skyndihjálp  
 Grunnnámskeið í varnarviðbrögðum  
 Geðklofi -einkenni og meðferð  
 Samskiptafærni og virk hlustun  
 Sálræn skyndihjálp  
 Nauðungarvistanir og lögræðissviptingar

j) REGLUBUNDIN TALNING Á FJÖLDA UTANGARÐSFÓLKS SKV.  
 SKILGREININGU SAMRÁÐSHÓPS FRÁ ÁRINU 2005:

Sjá lið e).

#### **ÞAÐ SEM ER ÁBÓTAVANT Í FRAMKVÆMD STEFNUNNAR UNDIR LIÐNUM SAMSTARFS OG FORVARNIR:**

Samstarf og þverfagleg þjónusta á milli stofanna vegna þeirra sem eiga í áhættu með að verða heimilislausir er ekki er nægilega markviss. Þar er sérstaklega átt við húsnæðismál þeirra sem hafa lokið áfengis-og vímuefna meðferð.

### **B. REGLUBUNDIN FAGÞJÓNUSTA**

Í kaflanum um reglubundna fagþjónustu er niðurstöðum skipt í þrjá undirkafla sem er æskileg niðurstaða, nauðsynlegar aðgerðir og það sem er ábótavant varðandi framkvæmd stefnunnar.

#### **UNDIR LIÐNUM ÆSKILEG NIÐURSTAÐA Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:**

a) ALLIR SEM ERU UTANGARÐS HAFI FÉLAGSRÁÐGJAFI:

Flestir sem teljast vera utangarðs hafa félagsráðgjafa og það er gott aðgengi að félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Sjá einnig lið d).

b) ALLIR SEM ERU UTANGARÐS HAFI HEIMILISLÆKNI:

Þjónustumiðstöðvar Velferðarsviðs eru í samvinnu við heilsugæslustöðvar, en misjafnt er hversu mikil áhersla er lögð á samvinnu vegna þeirra sem eru í áhættu með að verða utangarðs eða eru í þeim hópi. Ekki er hægt að fullyrða um að fólk sem telst vera utangarðs hafi gott aðgengi að heimilislæknum. Samráð er haft við heilsugæslustöðvar/lækna í einstökum málum. Það kom fram á fundi með deildarstjórum þjónustumiðstöðvanna að tilfelli eru þekkt þar sem einstaklingum sem falla undir þennan hóp sé meinaður aðgangur að heilsugæslustöðvum. Í sumum tilfellum þar sem einstaklingum sem teljast utangarðs hefur verið vísað frá heilsugæslu hefur orðið að hafa samband við héraðslækni.

c) ALLIR SEM ERU UTANGARÐS HAFI GREIÐAN AÐGANG AD  
 HJÚKRUNARFRÆÐINGI:

Heilsuþíllinn Frú Ragnheiður veitir hjúkrunarþjónustu sem er á vegum Rauða Krossins í Reykjavík. Þjónusta sem er veitt, er aðhlyning og umbúnaður sára,



umbúðaskipti, blóðþrýstingsmæling og almenn heilsufarsráðgjöf. Þá geta einstaklingar sem nota sprautubúnað komið með notaðar nálar og sprautur og fengið hreinar nálar og sprautur í staðinn. Einnig er afhent endurgjaldslaust nálafötur og smærri nálabox til að geyma notuð sprautuáhöld í þar til því er fargað.

#### UNDIR LIÐNUM NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:

##### d) FJÖLGA VIÐTALSTÍMUM FÉLAGSRÁÐGJAFNA Á STÖÐUM SEM UTANGARÐSFÓLK SÆKIR:

Fjölgað hefur verið viðtalstímum félagsráðgjafa á stöðum sem utangarðsfólk sækir. Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða hefur unnið markvisst að aukinni reglubundinni fagþjónustu frá árinu 2009. Félagssráðgjafar frá þjónustumiðstöðinni eru með viðveru á Kaffistofu Samhjálp, í Gistiskýlinu og í Konukoti einu sinni í viku. Á sömu þjónustumiðstöð hefur verið komið á fót teyllum sem fjalla um málefni utangarðsfólks út frá kynjasjónarmiði. Þjónustumiðstöðin hefur komið á verklagi sem kallast „ad hoc“ þ.e. að í einstökum málum eru þeir fagaðilar innan þjónustumiðstöðvarinnar kallaðir til sem þurfa þykir hverju sinni.

Um nokkurt skeið var starfrækt teymi með færanlegri félagslegri ráðgjöf sem sinni vettvangs og leitarstarfi reglulega. Teymið gekk Laugavegin og Austurstræti og fór inn í spilasal og á bari. Tveir félagsráðgjafar fóru saman og ræddu við fólk og liðsinntu þeim sem þess óskuðu.

Borgarverðir hófu starfsemi sína í maí 2012 og hafa verkefni ofangreinds teymis færst á þá. Borgarverðir eru tilraunaverkefni í samstarfi milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Félagssráðgjafi í heilu stöðugildi er með aðsetur í Dagsetri. Meginhlutverk hans er að byggja upp iðju fyrir utangarðsfólk, auk þess að veita félagsráðgjöf eftir þörfum fyrir þann hóp sem sækir í Dagstrið.

##### e) VIÐRÆÐUR VIÐ HEILSUGÆSLUNA UM SKILGREINT AÐGENGI UTANGARÐSFÓLK AÐ HEIMILISLÆKNI:

Þjónustumiðstöðvarnar eru í samvinnu við heilsugæslustöðvar, en misjafnt hversu mikil áhersla er lögð á samvinnu vegna þeirra sem eru í áhættu með að verða utangarðs eða eru í þeim hópi. Sjá einnig lið b).

##### f) HAGA VIÐVERU HJÚKRUNARFRÆÐINGS Á STÖÐUM SEM UTANGARÐSFÓLK SÆKIR:

Sjá lið c).

#### ÞAÐ SEM ER ÁBÓTAVANT Í FRAMKVÆMD STEFNUNNAR UNDIR LIÐNUM REGLUBUNDIN FAGÞJÓNUSTA:

Ekki verður séð að farið hafi fram viðræður um skilgreint aðgengi fyrir utangarðsfólk að heimilislækni. Það kemur fram að ekki er hægt að fullyrða um að fólk sem telst vera utangarðs hafi gott aðgengi að heimilislæknum. Eins og kemur fram í lið b) eru þjónustumiðstöðvarnar í samvinnu við heilsugæslustöðvar, en misjafnt hversu mikil áhersla er lögð á samvinnu vegna þeirra sem eru í áhættu með að verða utangarðs eða eru í þeim hópi. Í sumum tilfellum hefur

einstaklingum sem teljast utangarðs verið vísað frá heilsugæslu og hefur þurft að hafa samband við héraðslækni.

### C. TÍMABUNDIN ÚRRÆÐI

Í kaflanum um tímabundin úrræði er niðurstöðum skipt í þrjá undirkafla sem er æskileg niðurstaða, nauðsynlegar aðgerðir og það sem er ábótavant varðandi framkvæmd stefnunnar.

#### UNDIR LIÐNUM ÆSKILEG NIÐURSTAÐA Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:

a) UTANGARÐSFÓLK HAFI AÐSTÖÐU TIL DAGDVALAR:

Velferðarsvið hefur verið í samvinnu við Hjálpræðisherinn með skriflegum samningi síðan árið 2009 varðandi Dagsetur.

b) AÐ UTANGARÐSFÓLK HAFI GRUNN HREINLÆTISAÐSTÖÐU S.S.

AÐGENGI AÐ STURTU OG ÞVOTTAVÉL:

Í Dagsetri er aðgangur fyrir utangarðsfólk að grunn hreinlætisaðstöðu s.s. aðgengi að sturtu, þvottavél, þurrkara og hvíldaraðstöðu.

c) ENGINN GISTI Í FANGAKLEFA LÖGREGLU SÖKUM HÚSNÆÐISLEYSIS Á ÁRINU 2009:

Enginn gisti í fangaklefa lögreglu á árinu 2009 sökum húsnæðisleysis.

d) SKAMMTÍMA GISTISKÝLI UPPFYLLI ÞÆR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL ÚRRÆÐA AF ÞESSU TAGI:

Umhverfis og samgöngusvið veitir leyfi samkvæmt reglubundnu eftirliti með starfsemi, samkvæmt reglum þar að lútandi.

#### UNDIR LIÐNUM NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:

e) TRYGGJA AÐSTÖÐU ÞAR SEM UTANGARÐSFÓLK GETUR KOMIÐ SAMAN OG E.T.V. HAFT EINHVERJA IÐJU

Í ofangreindu Dagsetri er aðstaða þar sem utangarðsfólk getur komið saman og haft einhverja iðju undir stjórn fagaðila.

f) TRYGGJA AÐSTÖÐU MEÐ STURTUM OG ÞVOTTAHÚSI:

Sjá lið b).

g) LEITAST VIÐ AÐ TRYGGJA NÆGT FRAMBOÐ AF ÚRRÆÐUM Í GISTISKÝLUM ÞANNIG AÐ Á HVERJUM TÍMA SÉ ÞAR RÝMI FYRIR ÞÁ SEM ÞURFA GISTINGU

Á tímabilinu var fjölgað plássum úr 16 í 20 í Gistiskýlinu. Nægt framboð hefur verið á neyðargistingu í Gistiskýlinu og í Konukoti fram til þessa á umræddu tímabili. Undanfarna mánuði hefur verið fjölgun í aðsókn að úrræðunum sem verið er að horfa til um þessar mundir.

- h) SKOÐAÐUR VERÐI NÚVERANDI HÚSAKOSTUR OG LAGÐAR FRAM  
TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM EF ÞURFA ÞYKIR

Leitað hefur verið að hentugu húsnæði fyrir starfsemi gistiskýlis.

**ÞAÐ SEM ER ÁBÓTAVANT Í FRAMKVÆMD STEFNUNNAR UNDIR LIÐNUM TÍMABUNDIN ÚRRÆÐI:**

Öllum þáttum undir liðnum tímabundin úrræði hefur verið fullnægt.

**D. LANGTÍMAÚRRÆÐI**

Í kaflanum um langtímaúrræði er niðurstöðum skipt í þrjá undirkafla sem er æskileg niðurstaða, nauðsynlegar aðgerðir og það sem er ábótavant varðandi framkvæmd stefnunnar.

**UNDIR LIÐNUM ÆSKILEG NIÐURSTAÐA Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:**

- a) OPNA LANGTÍMA HÚSNÆÐISÚRRÆÐI FYRIR UTANGARÐSKONUR:

Opnað var langtíma búsetuúrræði fyrir utangarðskonur 1. Nóvember 2010. Eigandi húsnæðisins er Félagsbústaðir ehf.

- b) OPNA LANGTÍMA HÚSNÆÐISÚRRÆÐI FYRIR HJÓN/SAMBÚÐARFÓLK OG  
EINSTAKLINGA SEM ERU UTANGARÐS:

Opnuð voru langtíma búsetuúrræði fyrir hjón/sambúðarfólk og einstaklinga sem eru utangarðs í fjórum smáhýsum í október 2008. Eigandi húsanna er Félagsbústaðir ehf.

- c) BÆTA AÐGENGI UTANGARÐSFÓLKS AÐ FÉLAGSLEGRI RÁÐGJÖF OG  
HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Þjónustumiðstöð Miðborgar-og Hlíða hefur unnið markvisst að aukinni reglubundinni fagþjónustu við utangarðsfólk frá árinu 2009. Félagsráðgjafar frá þjónustumiðstöðvunum eru með viðveru á Kaffistofu Samhjalpar og í Gistiskýlinu einu sinni í viku og í Konukoti aðra hvora viku.

Sjá lið d) undir reglubundin þjónusta um teymi með færanlegri félagslegri ráðgjöf og Borgarverði.

Félagsráðgjafi í heilu stöðugildi er með aðsetur í Dagsetri. Meginhlutverk hans er að byggja upp iðju fyrir utangarðsfólk, auk þess að veita félagsráðgjöf eftir þörfum fyrir þann hóp sem sækir í Dagsetrið.

Varðandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu sjá lið b) og e) í kafla um reglubundna þjónustu varðandi heilsugæslu og heilsuþíflinn.

- d) OPNA LANGTÍMAÚRRÆÐI FYRIR UTANGARÐS KARLMENN

Árið 2007 var opnað langtímaúrræði fyrir utangarðsmenn, en ekki hafa verið opnuð fleiri slík úrræði síðan þá.

**UNDIR LIÐNUM NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR Í STEFNUNNI HEFUR EFTIRFARANDI VERIÐ GERT:**

- e) FINNA OG KAUPA HÚSNÆÐI SEM HENTAR FYRIR HEIMILISLAUSRAR KONUR

Opnað var langtíma búsetuúrræði fyrir utangarðskonur árið 2010. Húsnæðið er í eigu Félagsbústaða ehf.

- f) FINNA OG KAUPA HENTUGT HÚSNÆÐI S.S. SMÁHÝSI

Smáhýsi fyrir allt að átta einstaklinga voru opnuð árið 2008. Húsnæðið er í eigu Félagsbústaða ehf.

- g) AUKIÐ UPPLÝSINGAFLÆÐI TIL UTANGARÐSFÓLKS OG AÐSTANDENDA ÞEIRRA T.D. MEÐ OPNUN VEFSÍÐU OG ÚTGÁFU FJÖLBREYTTIS UPPLÝSINGAEFNIS

Hefur ekki verið gert.

- h) FINNA OG KAUPA HENTUGT HÚSNÆÐI

Sjá lið d).

**ÞAÐ SEM ER ÁBÓTAVANT Í FRAMKVÆMD STEFNUNNAR UNDIR LIÐNUM LANGTÍMAÚRRÆÐI:**

Ábótavant er varðandi aðgengi utangarðsfólks að heilsugæslu. Aukið upplýsingaflæði til utangarðsfólks og aðstandenda þeirra t.d. með opnun vefsíðu og útgáfu fjölbreyttis upplýsingaefnis hefur ekki verið komið á.

**5. SAMANTEKT**

Samkvæmt niðurstöðum stöðumatsins hefur flestum þáttum stefnunnar verið hrint í framkvæmd.

Undir liðnum *samstarf og forvarnir* er ábótavant hvað varðar markvisst samstarf og þverfaglega þjónustu á milli stofnana vegna þess hóps sem á í hættu með að verða heimilislaus. Þar er sérstaklega átt við húsnæðismál þeirra sem hafa lokið áfengis-og vímuefnaðferð.

Undir liðnum *reglubundin þjónusta* er ábótavant hvað varðar aðgengi utangarðsfólks að heimilislæknum. Ekki verður séð að farið hafi fram viðræður um skilgreint aðgengi fyrir utangarðsfólk að heimilislækni. Það kemur fram að ekki er hægt að fullyrða um að fólk sem telst vera utangarðs hafi gott aðgengi að heimilislæknum.

Undir liðnum *langtímaúrræði* er ábótavant varðandi aðgengi utangarðsfólks að heilsugæslu. Ekki hefur verið opnað annað heimili fyrir karla sem eru utangarðs. Þá hefur ekki verið komið á auknu upplýsingaflæði til utangarðsfólks og aðstandenda þeirra t.d. með opnun vefsíðu og útgáfu fjölbreyttis upplýsingaefnis.

## 6. VIÐAUKI

**VIÐAUKI: STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR Í MÁLEFNUM UTANGARÐSFÓLKS 2008-2012.**



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið



# Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2008 - 2012



# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>2</b>
<b>Formáli .....</b>	<b>3</b>
<b>Inngangur.....</b>	<b>4</b>
<b>Samstarf og forvarnir .....</b>	<b>6</b>
<b>Reglubundin fagþjónusta .....</b>	<b>8</b>
<b>Tímabundin úrræði .....</b>	<b>9</b>
<b>Langtíma úrræði .....</b>	<b>10</b>

Stefna samþykkt í velferðarráði þann 9. september 2008  
Stefna samþykkt í borgarráði þann 18. september 2008



## Formáli

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum 10. janúar 2007 tillögu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að setja í gang starfshóp sem hefði það hlutverk að móta stefnu í málefnum utangarðsfólks af báðum kynjum sbr. markmið 1.5. í starfsáætlun Velferðarsviðs 2007.

Hópurinn var skipaður af Jórunni Frímansdóttur Jensen formanni velferðarráðs 6. febrúar 2007.

Í upphafi voru eftirtaldir skipaðir í starfshópinn:

Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs sem jafnframt var hópsstjóri

Elly A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri velferðarmála Velferðarsviðs

Sif Sigfúsdóttir velferðarráði

Marsibil Sæmundardóttir velferðarráði

Þorleifur Gunnlaugsson velferðarráði

Verkefnisstjóri hópsins var Birna Sigurðardóttir félagsráðgjafi á Velferðarsviði.

Á meðan á vinnu hópsins stóð urðu breytingar á mönnun hópsins og komu eftirtaldir að vinnu starfshópsins á einhverjum tíma:

Jórunn Frímansdóttir velferðarráði

Gunnar Hólm Hjálmarsson velferðarráði

Hallur Magnússon velferðarráði

Starfshópurinn fundaði alls 18 sinnum á tímabilinu og boðaði á fundi sína fjölmarga hagsmunaaðila og fagfólk í málefnum utangarðsfólks auk þess sem samráð var haft við notanda.

Það er von starfshópsins að stefna í málefnum utangarðsfólks muni leiða til markvissrar vinnslu í málefnum utangarðsfólks í Reykjavík.





# Inngangur

Markmið með stefnumótun í málefnum utangarðsfólks er að koma í veg fyrir útigang og tryggja öllum viðunandi húsaskjól. Stefnunni er ætlað að skýra hvernig Reykjavíkurborg ætlar að vinna að málefnum utangarðsfólks í Reykjavík til ársins 2012.

## Markmiðið er að:

- ✦ Leitast við að koma í veg fyrir að fólk verði utangarðs til lengri tíma
- ✦ Tryggja viðeigandi stuðning við áhættuhópa
- ✦ Tryggja framboð á viðeigandi úrræði fyrir þá sem eiga á hættu að verða utangarðs
- ✦ Auka lífsgæði utangarðsfólks

## Stefnan nær til eftirtaldrá hópa fólks:

- ✦ Þeirra sem eru að koma úr tímabundnu úrræði s.s. fangelsi, sjúkrahúsi eða vímuefnaeðferð og eiga ekki öruggt húsaskjól
- ✦ Þeirra sem teljast utangarðsfólk skv. skilgreiningu samráðshóps um heimilislausa frá 2005

Ekki er um að ræða eina meginorsök á vanda utangarðsfólks. Þó er ljóst að flestir sem eru utangarðs búa við alvarlegan heilsubrest og er ofneysla áfengis og vímuefna almenn. Geðrænir erfiðleikar eru ýmist orsök eða afleiðing neyslu og útigangs og má leiða að því líkum að verulegur hluti utangarðsfólks búi við geðræna erfiðleika. Samráðshópur sem skipaður var árið 2005, af þáverandi félagsmálaráðherra, Árna Magnússyni, skilgreindi hugtakið húsnaðislaus með eftirfarandi hætti:

*Húsnaðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnaði, hann hefur ekki húsaskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húsaskjóli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnaeðferð, eiga sögu um margháttaða húsnaðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húsaskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnaði, eru taldir hér með.*

(Skýrsla samráðshóps um heimilislausa, Félagsmálaráðuneytið okt. 2005)

Þó ljóst sé að nokkuð stór hópur fólks er í húsnaðisvanda er í þessari stefnu stuðst við ofangreinda skilgreiningu samráðshópsins til að afmarka þann hóp fólks sem stefnan nær til og nefndur er hér utangarðsfólk.

Utangarðsfólk eru ólíkir einstaklingar sem eiga við margháttaðan félags- og heilbrigðisvanda að stríða, eru félagslega einangraðir og eiga oft að baki fangelsisvistir, sjúkrahúsðvalir og aðra félagslega erfiðleika. Grunnþarfir þessa hóps felast fyrst og fremst í þörf fyrir félagslegan stuðning, endurhæfingu og húsnaði til að geta aðlagast samfélaginu á ný. Þannig er brýnt að samfella í þjónustu við áhættuhópa sé tryggð til að leitast við að koma í veg fyrir útigang. Í því skyni eru forvarnir og samstarf milli ólíkra kerfa s.s. lögreglu, félagsmálafyrvalda, heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka grundvallaratriði. Megináhersla í stefnunni er á aukið samstarf, fjölgun langtímaúrræða og bætt yfirsýn.

## **Sett eru fram fjögur grunnatriði í stefnumótuninni:**

- ✦ Samstarf og forvarnir
- ✦ Reglubundin fagþjónusta
- ✦ Tímabundin úrræði
- ✦ Langtíma úrræði

Meðfylgjandi samantekt sýnir hverjir eru styrkleikar, æskilegar aðgerðir og markmið með hverju grunnatriði fyrir sig.



## Samstarf og forvarnir



### Styrkleikar

- ✦ Samfella í þjónustu
- ✦ Bætt yfirsýn
- ✦ Dregur úr líkum á að fólk verði utangarðs í kjölfar sjúkrahússinnlagna, fangelsisvistar eða vímuefnaeðferðar
- ✦ Dregur úr líkum á að fólk verði utangarðs vegna vímuefnaneyslu, veikinda og margháttaðra félagslegra erfiðleika



### Aðgerðir

- ✦ Skapa samstarfsvettvang milli þeirra sem að málefnum utangarðsfólks koma
- ✦ Tryggja heildstæða og samfellda þjónustu



### Markmið

- ✦ Að gera húsnæðisáætlanir fyrir lok sjúkrahúss- eða fangelsisdvalar
- ✦ Að vera með samfellda og heildstæða þjónustu



## Aðgerðaáætlun

Komið verði á samstarfi á milli Velferðarsviðs, Félags- og tryggingamálaráðuneytis, Landspítala, Fangelsismálastofnunar, Lögreglu höfuðborgarsvæðisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Einnig verði tryggt samstarf við félagasamtök s.s. SÁÁ, Samhjálp, Geðhjálp, Hjálpræðisherinn og Hugarafli eða eftir því sem við á hverju sinni. Slíkt samstarf er nauðsynlegt til að bæta yfirsýn þannig að unnt sé að bregðast við á einstaklingsgrunni með viðeigandi hætti. Með slíku samstarfi er einnig unnt að greina áhættuþætti sem leiða til útigangs og finna leiðir til að sporna gegn því. Auk þess er hægt að veita þá grundvallarþjónustu sem öllum er nauðsynleg. Til að byggja upp heilbrigðis- og félagsþjónustu við utangarðsfólk er brýnt að gera rannsókn á heilsufari og félagslegri stöðu þeirra einstaklinga sem eru utangarðs.

Nauðsynlegt er að bjóða upp á öfluga félags- og heilbrigðisþjónustu til handa utangarðsfólki og þeim sem eiga á hættu að verða utangarðs. Með skilvirkri og gagnkvæmu samstarfi ólíkra stofnana og samtaka er unnt að tryggja skjóta og góða þjónustu.

## Aðgerðaáætlun: Samstarf og forvarnir

<b>Æskileg niðurstaða</b>	<b>Nauðsynlegar aðgerðir</b>	<b>Framkvæmdaaðilar</b>	<b>Fjármagn Tímamörk</b>
Yfirsýn yfir fjölda og aðstæður utangarðsfólks	Skapa samstarfsvettvang viðeigandi stofnana	Velferðarsvið (í samvinnu við viðeigandi aðila)	Núverandi bjargir 2008 - 2012
Fyrir liggja rannsóknarniðurstöður um heilsufar og félagslegar aðstæður utangarðsfólks á Íslandi	Gerð verði rannsókn á heilsufari og félagslegum aðstæðum utangarðsfólks á Íslandi	Velferðarsvið/heilbrigðis-yfirvöld	Skv.kostnaðaráætlun þegar rannsóknaráætlun liggur fyrir. 2009
Draga úr líkum á heimilisleysi með markvissri þverfaglegri þjónustu við áhættuhópa	Efla samvinnu milli heilbrigðis- og velferðarkerfa í málefnum áhættuhópa	Velferðarsvið (í samvinnu við viðeigandi aðila)	Núverandi bjargir 2008-2012
Aukin þekking á málefnum utangarðsfólks	Námskeið fræðsla og þjálfun fyrir starfsmenn sem vinna með utangarðsfólki	Velferðarsvið	Núverandi bjargir 2008 - 2012
Tölulegar upplýsingar um fjölda, utangarðsfólks, aldursamsetningu o.fl. séu uppfærðar reglulega	Reglubundin talning á fjölda utangarðsfólks skv. skilgreiningu samráðshóps frá árinu 2005	Velferðarsvið	Núverandi bjargir 2008 - 2012

# Reglubundin fagþjónusta



## Styrkleikar

- Minnkar líkur á langtímaútigangi
- Tryggir fagþjónustu við utangarðsfólk



## Aðgerðir

- Fjölga viðtalstímum félagsráðgjafa á þeim stöðum sem utangarðsfólk sækir
- Tryggja heilbrigðisþjónustu til handa utangarðsfólki



## Markmið

- Að utangarðsfólki sé veittur greiður aðgangur að upplýsingum um möguleika í húsnæðismálum
- Að utangarðsfólki sé tryggð grundvallar félagsþjónusta
- Að utangarðsfólki sé tryggð grundvallar heilbrigðisþjónusta

# Aðgerðaáætlun

Nauðsynlegt er að efla ráðgjöf og stuðning við þá einstaklinga sem eru utangarðs og leggja þarf sérstaka áherslu á að viðhalda tengslum félagsráðgjafa og annarra fagaðila við utangarðsfólk. Með stöðugri, reglubundinni og markvissri félagslegri ráðgjöf eru meiri líkur á að viðunandi lausn á vanda einstaklinga finnist. Brýnt er að utangarðsfólk, líkt og aðrir borgarar hafi heimilislækni sem hefur grunnupplýsingar um heilsufar viðkomandi.

## Aðgerðaáætlun: Reglubundin þjónusta

Æskileg niðurstaða	Nauðsynlegar aðgerðir	Framkvæmdaaðilar (í samvinnu við)	Fjármagn/Tímamörk
Allir sem eru utangarðs hafi félagsráðgjafa	Fjölga viðtalstímum félagsráðgjafa á stöðum sem utangarðsfólk sækir	Velferðarsvið	½ stg. félagsráðgjafa árið 2009 og ½ stg. árið 2010
Allir sem eru utangarðs hafi heimilislækni	Viðræður við heilsugæsluna um skilgreint aðgengi utangarðsfólks að heimilislækni	Velferðarsvið í samstarfi við Heilsugæsluna	Núverandi þjargir 2010
Allir sem eru utangarðs hafi greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi	Hafa viðveru hjúkrunarfræðings á stöðum sem utangarðsfólk sækir	Velferðarsvið	½ stg. hjúkrunarfræðings árið 2009 og ½ stg. árið 2010

## Tímabundin úrræði



### Styrkleikar

- Tryggja grundvallarrétt til húsaskjól
- Koma í veg fyrir að fólk sofi utandyra
- Fækka gistinóttum utangarðsfólks í fangaklefum lögreglu



### Aðgerðir

- Efla stuðning og ráðgjöf við fólk í skammtímagistirými
- Koma á dagþjónustu fyrir utangarðsfólk



### Markmið

- Að öllum sé tryggt lágmarkshúsaskjól
- Að engum sé vísað frá sem vantar skammtímahúsaskjól
- Að engin sé til lengri tíma í skammtímagistiskýli
- Að engin gisti fangageymslur lögreglu sökum húsnæðisleysis

## Aðgerðaáætlun

Þau tímabundnu gistiúrræði sem utangarðsfólki standa til boða í dag eru Gistiskýlið fyrir heimilislausu karlmenn sem er með rúm fyrir 20 einstaklinga og Konukot sem er með rúm fyrir 8 – 10 konur. Ekki er um önnur brádagistiúrræði að ræða.

### Aðgerðaáætlun: Tímabundin úrræði

Aðskilgleg niðurstaða	Nauðsynlegar aðgerðir	Framkvæmdaaðilar	Fjármagn / Tímamörk
Utangarðsfólk hafi aðstöðu til dagdvalar	Tryggja aðstöðu þar sem utangarðsfólk getur komið saman og e.t.v. haft einhverja iðju	Velferðarsvið í samvinnu við viðeigandi aðila	½ stg. sérfræðings 2009 – 2012
Að utangarðsfólk hafi grunn hreinlætisaðstöðu s.s. aðgengi að sturtu og þvottavél	Tryggja aðstöðu með sturtum og þvottahúsi	Velferðarsvið í samvinnu við viðeigandi aðila	½ stg. sérfræðings 2009-2012
Enginn gisti í fangaklefa Lögreglu sökum húsnæðisleysis á árinu 2009	Leitast við að tryggja nægt framboð af úrræðum í gistiskýlum þannig að á hverjum tíma sé þar rými fyrir þá sem þurfa gistingu	Velferðarsvið	2009
Skammtíma gistiskýli uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til úrræða af þessu tagi	Skoðaður verði núverandi húsakostur og lagðar fram tillögur að breytingum ef þurfa þykir	Velferðarsvið í samvinnu við viðeigandi aðila	Núverandi bjargir 2009

## Langtíma úrræði



### Styrkleikar

- Bætir lífsgæði þeirra sem eru utangarðs
- Eykur færni og möguleika á sjálfstæðri búsetu



### Aðgerðir

- Þróa ólíka valkosti húsnæðisúrræða fyrir ólíka einstaklinga af báðum kynjum
- Koma á langtíma húsnæðisúrræði fyrir utangarðskonur, utangarðsmenn og utangarðspör



### Markmið

- Að utangarðsfólki í skammtímagistiskýlum sé boðið langtíma húsnæðisúrræði

## Aðgerðaáætlun

Reykjavíkurborg rekur langtíma húsnæðisúrræði fyrir utangarðsmenn á tveimur stöðum í borginni. Auk stuðnings við fjölda áfangaheimila í Reykjavík rekur Reykjavíkurborg áfangaheimili fyrir þá sem eiga að baki langa sögu um áfengis- og/eða fíkniefnavanda en hafa farið í meðferð en þurfa mikinn stuðning til að aðlagast samfélagi á nýjan leik. Við uppbyggingu úrræða er mikilvægt að taka tillit til ólíkra þarfa utangarðsfólks.

### Aðgerðaáætlun: Langtíma úrræði

Æskileg niðurstaða	Nauðsynlegar aðgerðir	Framkvæmdaaðilar	Fjármagn/Tímamörk
Opna langtíma húsnæðisúrræði fyrir utangarðskonur	Finna og kaupa húsnæði sem hentar	Velferðarsvið	Sjá 3ja ára áætlun 2009
Opna langtíma húsnæðisúrræði fyrir hjón/sambúðarfólk og einstaklinga sem eru utangarðs	Finna og kaupa hentugt húsnæði s.s. smáhýsi	Velferðarsvið	½ stöðugildi liðveislu 2008
Bæta aðgengi utangarðsfólks að félagslegri ráðgjöf og heilbrigðisþjónustu	Aukið upplýsingaflæði til utangarðsfólks og aðstandenda þeirra t.d. með opnun vefsíðu og útgáfu fjölbreytts upplýsingaefnis	Velferðarsvið	Núverandi bjargir 2009
Opna langtímaúrræði fyrir utangarðsmenn	Finna og kaupa hentugt húsnæði	Velferðarsvið	Sjá 3ja ára áætlun 2010